



# Leikskólinn Bergheimar

Hafnarberg 32 815 Þorlákshöfn

Sími: 480 3660 [leikskolinn@olfus.is](mailto:leikskolinn@olfus.is)

## ÁRSÁÆTLUN 2019-2020

### Almennar upplýsingar

Rekstaraðili er Sveitarfélagið Ölfus kt.4203697009  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn  
sími 4803800  
netfang [olfus@olfus.is](mailto:olfus@olfus.is)  
[www.olfus.is](http://www.olfus.is)

Leikskólinn Bergheimar  
Hafnarbergi 32  
815 Þorlákshöfn  
sími 4803660  
gsm 852 3853  
netfang [leikskolinn@olfus.is](mailto:leikskolinn@olfus.is)  
Vefsíða leikskólans er [www.bergheimar.is](http://www.bergheimar.is)

Verklagsreglur og skóladagatal leikskólans eru birt á [www.bergheimar](http://www.bergheimar) og [www.olfus.is](http://www.olfus.is)

### Húsnæði, lóð / viðhald og breytingar

#### Húsnæði og lóð

Leikskólinn var stofnaður af Kvenfélagi Þorlákshafnar árið 1966 og var í fyrstu á hálfgerðum vergangi en flutti í viðlagasjóðshús árið 1974. Bergheimar hóf störf í núverandi húsnæði 23. janúar 1983 og tvær deildir voru byggðar við 1998, bætt var við húsið 2014 og í júní 2018 var klárað að taka elsta hlutan í gegn. Hús eru 855,2 m<sup>2</sup> og lóð er 7113 m<sup>2</sup>. Í dag eru fimm deildir starfandi. Lóðin var einnig endurhönnuð 2018 og var breytingin þannig að það væri hægt að taka á móti yngri börnum.

#### **Deildarskipun á Bergheimum haust 2019**

##### Ásheimar

Helena Jóhannsdóttir deildarstjóri 100% rúllandi  
Kristjana Helga Thorarensen leikskólakennari 90% rúllandi  
Hólmfríður Garðarsdóttir leiðbeinandi 100% 8-16  
Arna Dögg leiðbeinandi 100 % rúllandi  
Gréta María Víkingsdóttir sjúkraliði 10 %

### Dvergaheimar

Helena Helgadóttir deildarstjóri 100% rúllandi  
María Árnadóttir leikskólaliði 100% rúllandi  
Jóna Eydís félagsliði 100 % 8-16  
Sjöfn Ísaksdóttir leikskólaliði 100% rúllandi

### Tröllaheimar

Ingibjörg Aðalsteinsdóttir deildarstjóri 100% 8-16  
Guðríður Anna Sveinsdóttir leikskólakennari 100% rúllandi  
Eva Sieminska leiðbeinandi 100% rúllandi  
Ásta Kristjana Jensdóttir leikskólaliði 100% rúllandi  
Júlía Káradóttir leikskólaliði 100% 8-16 stuðningur

### Álfaheimar

Hallfríður Snorradóttir deildarstjóri 100% rúllandi  
Hafdís Þorgilsdóttir leiðbeinandi 100% rúllandi  
Sandra Björk Bjarnadóttir leikskólaliði 100% rúllandi  
Gréta María Víkingsdóttir sjúkraliði 40 %  
Hildur Birna Egilsdóttir leiðbeinandi 60%  
Dís Bjarney Kristinsdóttir leiðbeinandi 100% 8-16

### Hulduheimar

Margrét Björg Jónsdóttir deildarstjóri 90% rúllandi  
Sylwia Bruliska háskólamenntaður st. B 100% rúllandi  
Svala Ósk Sævarsdóttir leikskólaliði 100% stuðningur  
Rannveig Júlíusdóttir iðjuþjálfari, 100 % rúllandi  
Janina Sophia Witzel með leikskólakennarpróf frá Þýskalandi 100% 8-16  
Kim Birgit Sorning leiðbeinandi 10 %

### Stjórnun og aðrir

Dagný Erlendsdóttir leikskólastjóri  
Elsa Þorgilsdóttir aðstoðarleikskólastjóri  
Ásta Pálmadóttir sérkennslustjóri  
Júlíana Ármannsdóttir uppeldis og menntunarfræðingur sérkennsla 100 %  
Lidija Blazevicene grunnskólakennari afleysing 100 %  
Elena Stefanola ræsting

### Eldhús

Ásgeir Guðmundsson kokkur 100%  
Sigríður Karlsdóttir aðstoðarmatráður 100%  
Margrét Sigurðardóttir aðstoð í eldhúsi 55% 9-13.30

### Fæðingarorlof og námsleyfi, veikindaleyfi

Þóra Davíðsdóttir veikindaleyfi

Fjöldi starfsmanna í húsinu er 34 þar af eru 2,5 stg. í eldhúsi og 1 í ræstingu. Kennarar og leiðbeinendur eru 23 í beinu starfi með börnum, 6 störf eru sérkennsla, stuðningur og aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri.

Fjöldi barna 1. des er 97.

### **Fræðslunefnd 2018-2022**

Sigríður Vilhjálmsdóttir formaður  
Guðbergur Kristjánsson  
Halldóra Björk Guðmundsdóttir  
Hjörtur Ragnarsson  
Ágústa Ragnarsdóttir  
Fulltrúi foreldrafélags Vigdís Lea Kjartansdóttir  
Fulltrúi starfsfólks leikskóla Hallfríður Snorradóttir

### **Foreldrafélag leikskólans Bergheima 2019**

Formaður Harpa Vignisdóttir  
Ritari Katrín Ósk Sigurgerisdóttir  
Gjaldkeri Vigdís Lea Kjartansdóttir  
Meðstjórnendur Hanna Guðrún Gestsdóttir og Sigurhanna Björg Hjartadóttir

Svala Ósk Sævarsdóttir er fulltrúi starfsfólks

### **Foreldraráð skipa 2019:**

Vigdís Lea Kjartansdóttir  
Hanna Guðrún Gestsdóttir  
Katrín Ósk Sigurgeirsdóttir

Áheyrnafulltrúi í fræðslunefnd er Vigdís Lea Kjartansdóttir

### **Námskrá og stefna Bergheima**

- Unnið er eftir lögum og reglugerðum um leikskóla frá 2008 og miðast allt skipulagt starf við Aðalnámskrá leikskóla, útgefin 2012
- Námskrá Bergheima var fyrst gefin út 2001 endurskoðuð á tveggja ára fresti og er birt á vefsíðu [www.bergheimar.is](http://www.bergheimar.is) og tengt er á vefsíðu Bergheima um vefsíðu [www.olfus.is](http://www.olfus.is). Námskráin var síðast endurskoðuð 2018 og skoðast næst 2020.
- Námskrá í myndrænu formi var fyrst gefin út 2009 með hagnýtum upplýsingum og er henni ætlað að ná til foreldra með annað tungumál og að auki að vera táknað fyrir viðburði leikskólans. Myndræna námskráin er uppfærð eftir þörfum og var uppfærð september 2019.
- Allt starfsfólk vinnur með þá hugmyndafræði að leiðarljósi að barnið læri í leik og verði sjálfbjarga um eigin þarfir í leikskólanum
- Helstu áherslur í starfi leikskólans er stærðfræði, læsi, sjálfsbjörg og hreyfing. Unnið er með grunnþætti menntunar sem ætlað er að skarast í öllu starfi leikskólans. Grunnþættirnir eru, lýðræði og mannréttindi, stærðfræði, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, jafnrétti og sköpun. Haustið 2019 verður haldið áfram með sérstaka áherslu á læsi í samræmi við markmiðsetningu Skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíða
- Unnið er með verkefni *Stærðfræði fyrir börn* og *Numicon stærðfræði* og eru hugtök stærðfræðinnar mikilvægur þáttur í málörvun. Í janúar 2016 var Vinaverkefni frá Barnaheill tekið inn í starfið. Allir deildarstjórnar og fleiri starfsmenn eru búin að fara á námskeið. Læsi er órjúfanlegur hluti í öllu starfi leikskólans auk þess sem almenn málörvun fer fram með söng, samtali og miðlun. Rituð orð og merkingar í umhverfinu eru sérstök leið til að örva læsi.
- Margir kennara eru með réttindi til að taka Hljóm 2 vegna tilmæla skólaþjónustu á að taka það próf af öllum 5 ára leikskólanemendum.
- Ræktun, náttúruskoðun tilraunir og skordýraskoðun eru vísindi í leikskólastarfi. Heilbrigði og vellíðan með því að stuðla að útveru, hreyfingu, fjölbreyttu og góðu mataræði og almennu hreinlæti. Sköpun og menning er virkjuð í starfinu, leikskólinn er í samstarfi við fjölmargar stofnanir og félög og vinnur að grenndarkennsluverkefni sem á uppruna sinn að rekja í samstarf við grunnskólann. Leikur er skapandi starf sem þróast í leikskólanum með aðstoð leikefnis og með þátttöku nemenda.

- Börn skapa sér eigin reglur og leikheim. Settar eru upp leiksýningar og komið saman í söngstund, börnin læra dans og syngja að eigin list þau fá að kynnast alskonar tónlist og hljóðgjöfum.
- Leikskólabörn eiga að njóta útiveru í leikskólastarfinu og þeim kennt að njóta útiverunnar og sjá fjölbreytta möguleika í skipulögðum og óskipulögðum leik. Úti er hægt að njóta sín, taka á, hreyfa sig óhindrað og frjálst. Farið er í markvissar og ómarkvissar gönguferðir og á sumartíma færast mest öll kennslan út og gert er sérstakt sumarskipulag sem miðast að því að ná fram öllum námsþáttum. Í leikskólanum er eðlilegt að flokka pappír, plast, lífærnt og allt annað rusl. Árið 2013 var unnið markvisst að því að sækja um fyrsta grænfánan sem fékkst 2015, haustið 2017 fékkst annar fáni út á lýðheilsu og heilbrigði og stefnt er að vor 2020 fá þriðja fánann út á Átthaga.

### **Áherslur í kennslu**

Við skipulagningu leikskólastarfsins er unnið út frá forsendum leikskóla, kennsla og allir námsþættir eru færðir í leik bæði frjálstan og skipulagðan. Kenningar John Dewey eru þær sem leikskólinn styðst við og byggjast á því að börnin læra með að gera sjálf og miða við að nám þeirra bætist við þá reynslu sem þau bera með sér. Aðalmarkmið leikskólans Bergheima er að gera börnin sjálfbjarga í öllum þeirra þroskakostum.

2015 varð breyting á aðalþema úr stærðfræði í læsi. Stærðfræðin heldur sínum sessi en læsi fær aukið vægi með áherslu á markmið Skóla og vellferðarþjónust.

Áhersla er lögð á *Stærðfræði fyrir börn* og Numicon stærðfræðinámssefni og fléttast námssefnið inn í alla þætti leikskólastarfsins.

Grænfánaverkefnið hófst formlega um áramótin 2012-13 og upphafsskref voru að setja saman umhverfisnefnd. Nefndin er skipuð fulltrúum foreldra, nemenda og kennara. Skipt er um fulltrúa foreldra og barna að hausti. Fyrsti Grænfáninn var afhentur þann 7. maí 2015 og er það starf í fullum gangi og er stefnt á þriðja fánann vor 2020.

Samfella skólastiga verður styrkt með samráðsfundum milli leik- og grunnskólakennara í september. Kennarar munu sitja kennslustundir hvers annars og vinna með námsefni að sameiginlegu markmiði. Í janúar hittast kennarar aftur og skipuleggja áframhaldandi faglegt samstarf. Lestur er og verður hluti af markmiðum leikskólans, lestur í þeim skilningi að gera börnin læs á texta og unnið að því að þau hafi áhuga og gaman af því að lesa. Góð málörvun er grundvallaratriði. Í maí er haldinn skilafundur á milli skólastiga og gefur leikskólastarfsfólk upplýsingar til grunnskóla sem varða væntanlega skólagöngu leikskólanemenda auk þess að afhenda niðurstöður úr Hljóm 2.

*Allt starfsfólk er bundið trúnaðarskyldu við börnin, fjölskyldur þeirra og málefni sem koma upp innan sem utan leikskólans, trúnaðarskyldan helst þó látið sé af störfum.*

### **Sérkennsla og skólaþjónusta.**

Ásta Pálmadóttir er sérkennslustjóri og sér um skipulagningu sérkennslumála, samskipti við foreldra og sérfræðinga. Júlíana Ármannsdóttir uppeldisfræðingur sinnir einnig sérkennlu og getur veitt foreldrum ráð til að fylgja eftir heima. Þjónustusamningur er við Signýju Einarsdóttur talmeinafræðing til vors 2020. Talmeinafræðingur kemur reglubundið tvisvar í mánuði og sálfræðingur eftir þörfum. Samstarf er við félagsráðgjafa vegna velferðar barna og við heilsugæslu vegna faraldsupplýsinga og annarra tengdra mála. Þurfi barn á sérkennslu að halda þá þarf barnið að gangast undir sjón- og heyrnapróf og koma með vottorð eftir þá skoðun.

Skóla og velferðarþjónustu er ætlað að vinna á grundvelli heildarsýnar í málefnum einstaklinga og fjölskyldna og að stuðla að sjálfbærni skóla og stofnanna aðildarsveitarfélaga þar sem áhersla er lögð á mikilvægi snemmtækra íhlutunar, fræðslu, forvarna og á þverfaglegt samstarf

<http://www.arnesthing.is/>

## **Upplýsingar til foreldra**

Upplýsingar til foreldra berast í mánaðarlegu fréttabréfi leikskólans í netpósti og tilkynningar eru birtar á töflu eða vegg við deildirnar. Leikskólinn heldur úti heimasíðu [www.bergheimar.is](http://www.bergheimar.is) er því beint til foreldra á foreldrafundum að koma með tillögur og aðstoða við þróun hennar. Leikskólinn notast við Karellen og fá allir foreldrar aðgang að því kerfi.

## **Öryggismál**

Bruna- og jarðskjálftaæfingar eru reglulega og miðast þær við að styrkja börnin í þeim aðgerðum sem þau verða að kunna skil á. Æfingar eru undirbúnar með börnunum í a.m.k. annað hvert skipti til að lágmarka óþægindin og óttan við hávaðan úr viðvörunarbjöllum. Verði hamfarir eru foreldrar beðnir um að sækja börn sín hið fyrsta og reyna með öllum hætti að hafa samband við leikskólann. Eftirlit er daglega á lóð vegna aðskotahluta, slits á leiktækjum og dýraúrgangs. Lögð er áhersla á að hafa gott eftirlit með börnunum og umhverfi þeirra. Börnin fá sérstaka umferðarfræðslu í gönguferðum og brýnt er fyrir þeim að nota öryggisbúnað s.s. hjálm þegar þau eru á hjóli, öryggisbelti í bíl og einnig endurskinsmerki. Öll börnin eru tryggð á skólatíma með sérstakri tryggingu á vegum sveitafélagsins. Viðbragðsáætlun er til í leikskólanum vegna jarðskjálfta, influensu, bruna, sorgar og annarra áfalla.

## **Innramat og kannanir**

Skólapúlsinn var gerður með foreldrakönnun vorið 2019 og er næst 2021.

Viðhorfskönnun starfsfólks var einnig frá Skólapúlsinum vorið 2019 og eru nokkur sveitarfélög í SVÁ þjónustunni með samskonar könnun sem auðveldar allan samanburð. Verður gert innramat í viðtölum við starfsfólk 2020

Í eldhúsinu er unnið eftir eftirlits- og skráningarkerfi frá Matís og Tandur.

## **Starfið**

Gefin er út stundarskrá í upphafi skólaárs eftir sumarfrí og aftur að vori þar sem helsta breytingin er að börnin eru meira úti en áhersla er á sömu námsþætti.

Skóladagatal er unnið til að stýra áætlun og tryggja framkvæmd. Dagatalið er samþykkt af fræðslunefnd og foreldraráði.

Hefðir og hátíðir fléttast inn í starfið og eru órjúfanlegur hluti af þeim viðburðum sem gerast í leikskólanum.

Börnin fara í íþróttir í íþróttahús sem er skipulögð frá september til apríl. Yngstu börnin fara ekki í íþróttahúsið en fara í íþróttir í leikskólanum í staðinn. Elstu börnin fara í sund annan hvern miðvikudag. Yfir sumartímamann eru skipulagðir leikir í útveru einn dag í viku og einnig er farið á frjálsíþróttavöllinn. Á föstudögum er sameiginleg söngstund og inn í hana fléttast uppákomur og tónleikar sem börnin vinna að. Einn föstudag í mánuði er rugldagur þá er opið á milli þriggja elstu deilda og börnin fara að vild á milli deilda. Yngstu deildirnar hafa rugl sín á milli.

## **Samstarf**

Fjölmarginir aðilar koma að samstarfi við leikskólann og með mismunandi hætti en allar skila því að nemendur læri á samfélagið og njóti þeirrar fjölbreytni og þeirra möguleika sem í boði eru. Reglulegt og skipulagt samstarf er við grunn- og tónlistaskólann, framhaldskóla, félagsstarf eldri borgara, bókasafnið, vinnuskólann og fleiri aðila í samfélaginu.

## **Matur, hressing og hvíld**

Í leikskólanum er boðið upp á morgunmat, ávaxtahressingu, hádegismat og síðdegishressingu með áherslu á hollustu. Máltíðir eru kennslustundir í mannasíðum, að læra að bjarga sér sjálfur við matarborðið og fræðsla um gildi næringar. Börnin eru hvött til að smakka allan mat og boðið ítrekað aftur en enginn er neyddur til að borða eitthvað. Til að barn fái afgreitt sérfæði vegna óþols eða ofnæmis verður að framvísa vottorði frá sérfræðingi.

## **Leikskólanám**

Kennslan er miðuð við aldur og þroska barnanna, leikurinn námið er fjölbreytt.

Foreldrar sjá stundartöflu á deildum leikskólans í upphafi vetraráætlunar og aðra að vori. Allt nám er kennt í leik og með leikefni sem hentar aldri leikskólabarna

Árið 1995 var starfið skilgreint og markmið sett um að leikskólinn ætti að gera börnin sjálfbjarga í daglegum athöfnum, annast sig og skilja tilfinningar sínar sem og getu til að tjá sig, og ákveðið var að vinna út frá stefnu John Dewey (1859-1952) "learning by doing". Öll kennsla fer fram í frjálsum og skipulögðum leik.

### **Mæting og þátttaka**

Börn fá úthlutuðum vistunartíma sem þarf að virða og mikilvægt er að börn stundi leikskólann vel og eigi sér fasta tilveru í leikskólanum. Hægt er að velja tíma frá kl 7.30,7.45,8.00 og 9.00. Svo til 12,13,14,15,16,16.15,16,30 og 17.

### **Sí- og endurmenntun**

Frá árinu 2001 hefur markvisst verið unnið að því að starfsfólk geti farið í leikskólakennaranám sem hefur skilað því að innan leikskólans eru 8 leikskólakennarar og tveir háskólamenntaðir starfsmenn með B. Ed gráðu. Sjö eru leikskólaliðar og þrjár búnar með viðbótarnám í leikskólaliða. Einn iðjuþjálfari er í leikskólanum, einn félagsliði, einn sjúkraliði, einn með aðra háskólamenntun, einn uppeldisfræðingur og einn grunnskólakennari.

Einn starfsmaður er í mastersnámi, einn starfsmaður í grunnnámi í menntunafræðum, þrír starfsmaður er í leikskólaliðamáni. Algengt er að leikskólakennarar sækji sér fyrirlestra og námskeið í endurmenntunarstofnun HÍ.

Símenntun er virk og á starfsdegi eftir sumarfrí er ákveðið hvaða áherslur leggja eigi á næsta árið.

Fundartímar og símenntun er ákveðin með fyrirvara og myndast hefur ákveðin regla að Hjálp í viðlögum námskeið er annað hvert ár en á námskeiði 2013 var ákveðið að halda slík námskeið árlega til að tryggja sem bestan árangur. Þing 8. deildar leikskóla á Suðurlandi er árlega í og var 4. október 2019.

Starfsdagar eru fjórir og einn foreldraviðtalsdagur 30. janúar og miðast við starfsdag grunnskólans, starfsdagur 31. janúar, starfsdagur verður 4. maí sem átti að vera í ágúst s.l og 5.maí og starfsdagur verður 12. ágúst 2020. Vegna námsferðar fengum við leyfi frá fræðslunefnd og foreldraráði að loka frá kl. 12-17 þann 30.apríl.

### **Símenntunaráætlun veturinn 2019-2020**

4. október er Haustþing leikskóla á suðurlandi á Selfossi. Starfsfólk velur sér nokkra fyrirlestar sem verða í boði.

7. október er fyrirlestur frá Blátt Áfram sem leikskólinn og foreldrafélagið eru með saman fyrir foreldra og starfsfólk.

30.apríl- 5. maí er námsferð til Alicante í Leikur að lærum og einnig verða farið í leikskólaheimsóknir og námskeið.

Frá september til maí eru kennara að fara á margvísleg námskeið á eigin vegum eða sendir á vegum leikskólans. Þau námskeið eru m.a Lubbi, Tákn með tali, TRAS, AEPS, Skipuleg kennsla og margt fleira.

### **Foreldrastarf**

Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum og innan þess er þriggja manna foreldraráð sem hefur til umsagnar námskrár og aðrar áætlanir innan leikskólans. Foreldraráð er nýtt í lögum um leikskóla frá 2008 og er gert að starfa meira og nánara með starfsliði leikskóla.

### **Starfsmannafélag**

Sveitarfélagið Ölfus er með starfsmannstefnu sem lýtur að öllum starfsmönnum þess og kveður á um að taka á öllum þeim þáttum sem snúa að sambandi starfsmanna sveitarfélagsins og stjórnenda þess. *Mannauður Sveitarfélagsins er sá þekkingarauður sem býr í starfsmönnum þess menntun þeirra færni og viðhorfum.*

Starfsfólk Bergheima er í starfsmannafélagi og hafa starfsmannastefnu sem vinnur að því markmiði að bera virðingu fyrir ólíkum persónum, athöfnum þeirra og skoðunum.

Leikskólinn er opinn allt árið frá kl. 07.30-17.00 og lokar vegna sumarleyfis í fimm vikur frá 08. júlí til og með 12. ágúst 2020.

### **Trúnaðarmál, skráningar og áætlanir**

- Öll gögn sem falla undir trúnaðarmál og foreldraviðtöl eru geymd í læstum skjalaskáp og eru varðveitt í tvö ár eftir að börn hætta í leikskólanum.
- Aðrar skráningar s.s. dagbækur og fundarbækur sem innhalda mætingu og hagnýtar upplýsingar eru geymdar. Aðrar upplýsingar sem foreldrar frá um hvíld og svefn eru aðeins varðveittar þann dag nema um sérstök mál sé að ræða.
- Skráningar slysa og óhappa eru skráð í Karellen sem eru varðveitt ótímabundið.
- Skráning á eftirliti í lóð er ítarleg og gerð daglega og upplýsingar geymdar og athugasemdir sendar til starfsmanna áhaldahúss eða annarra hlutaðeigandi til úrbóta.
- Ljósmyndir eru ein leið til skráningar á starfinu og eru framkallaðar myndir í albúmunum og einnig varðveittar á cd diskum.
- Viðbragðsáætlun vegna hamfara, eldsvoða, dauðsfalla og annarra áfalla er til í Bergheimum og er aðgengileg og kunn öllu starfsfólki.
- Skylda er að skila gögnum til Héraðskjalasafns og er ákveðið kerfi sem segir hvenær gögn fara þangað. – Þá stefnir sveitarfélagið á að nýta sér rafræna geymslu og tryggir það enn betur aðgengi að gögnum síðar meir.

### • **Fundir**

- Starfsmannafundir eru haldnir fyrsta mánudag í mánuði 10 mánuði ársins og fjalla um innra skipulag og málefni sem varða allan leikskólann. Starfsmannafundum tengjast deildarfundir þar sem innra skipulag deildarinnar og málefni nemenda eru rædd. Einnig fær hver deild deildarfund einu sinni í mánuði á vinnutíma.
- Deildarstjórafundir eru innan vinnutíma síðasta miðvikudag hvers mánaðar, það eru samráðsfundur stjórnenda sem ræða um yfirstandandi verkefni og viðbrögð við utanaðkomandi boðum. Einnig eru á þessum fundum teknar ákvarðanir um starfsemina, uppákomur og skipst á upplýsingum.
- Morgunfundir eru einu sinni í viku til að starfsfólk geti skipst á upplýsingum um stöðuna í leikskólanum.
- Á haustin er haldin foreldrafundur að morgni á hverri deild fyrir sig. Á foreldrafundum er farið yfir skipulag leikskólans og hagnýt atriði sem skipta máli í leikskólanum.
- Foreldrafundur, með foreldrum elstu barnanna, er til að kynna foreldrum skilafund milli skólastiga og þær upplýsingar sem fara á milli og einnig til að fólk geti látið vita hvenær börnin muni hætta í leikskólanum.
- Skilafundur milli leik- og grunnskóla er í maí þá mæta kennarar, sérkennslustjórar og skólastjórar beggja skólanna og skiptast á upplýsingum, um nemendur sem flytjast á milli skóla.
- Fundir vegna sérkennslumála eru haldnir eftir þörfum og einnig samráðsfundir með hjúkrunarfræðingi vegna þroskaþrófa.
- Félagsráðgjafi hjá sveitafélaginu kemur og hittir stjórnendur og deildarstjóra reglulega.
- Leikskólastjórafundir eru haldnir á sex vikna fresti undir stjórn Skóla og velferðapjónustu Árneshvíls.
- Fagfundir sérkennara innan Skóla og velferðapjónustu Árneshvíls eru tveir á ári.
- Samráðsfundur deildarstjóra innan Skóla og velferðapjónustu Árneshvíls eru haldir tvisvar á ári.

### **Áætlun 2020**

Fjöldi barna sem útskrifast sumar/haust 2020 eru 25 og börn 2018/2019 hefja leikskólagöngu á árinu 2020. Vegna fjöglunar barna í sveitafélaginu þarf að huga að stækkun leikskólans. Og strax næsta haust þarf jafnvel að gera einhverjar ráðstafanir ef fjögunin verður eins og stefnt er að. Næsta ár þarf að taka Álfaheimar í gegn m.a skipta um hurðir og veggljós ásamt hefðbundnu viðhaldi. Einnig þarf að huga að útigeymslu og vagnageymslu. Við hvetum fólk að ganga með börnin í leikskólann því þarf að vera einhver aðstaða til að geyma kerrur úti á meðan börnin eru hér og foreldrar í vinnu. En núna eru börn frá 18. mánaðar aldri í leikskólanum.